

## Nýtt skipulag Kaldárselsvegs-ábending/athugasemd

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : hrabbak75@gmail.com  
**Heiti** : Nýtt skipulag Kaldárselsvegs-ábending/athugasemd  
**Málsnúmer** : 1404083  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 10.04.2017 20:29:11  
**Höfundur** : hrabbak75@gmail.com

Sæl Berglind

Vildi koma á framfæri ábendingum/athugasemdum vegna nýs skipulags sem auglýst hefur verið við Kaldárselsveg.

Sem íbúi í Setbergshverfinu þá hef ég miklar áhyggjur af áhrifum þessa nýja skipulags á mitt hverfi. Ég sat fund fyrir c.a. ári síðan þar sem áhyggjur íbúa í Áslandi 3 voru háværar en þó komu athugasemdir frá mér og nokkrum öðrum sem íbúum Setbergsins. Nú um daginn var svo haldinn annar fundur vegna þessa nýja skipulags og enn virðist sem áhrif á Setbergið sé sé skoðað nægilega vel í þessu verkefni.

Það eru því nokkur atriði sem ég vil koma á framfæri og tel að þurfi að bregðast við áður en haldið verður áfram með verkefnið:

- Sem íbúi þá hef ég áhyggjur af þeirri umferð sem mun verða um hringtorgin hér fyrir ofan okkur og þeim hávaða sem á eftir að koma frá þeirri umferð. Mér sýnist á nýju skipulagi að engu eigi að breyta í nánasta umhverfi við hringtorgin Setbergsmegin og myndi ég halda að það væri gefið mál að þörf væri á hljóðmönnum til að dempa niður þann hávaða sem kemur frá þeim. Einnig myndi ég halda að það skapaði öryggi fyrir gangandi vegfarendur þar sem ekkert myndi stoppa bifreiðar ef þær færu út af veginum.
- Sem íbúi þá hef ég einnig áhyggjur umferð sem myndi koma í gegnum Setbergið þegar þessi vegur yrði tekinn í notkun þar sem margir öikumenn myndu stytta sér leið, niður Klettlíðina, í gegnum hverfið til að sleppa við þann flöskuháls sem myndast við hringtorgið hjá 10-11 og N1. Í dag, sem íbúi við Fjólulíð, horfi ég á þá umferð sem kemur upp og niður Klettlíðina á álagstímum og hugsa hvernig þetta verður þegar nýr vegur kemur hér fyrir ofan með íbúa úr Áslandi og Völlum. Það er því mikil þörf á að bæta umferðaöryggi í Klettlíðinni með þessum breytingum. Þær hraðahindranir sem eru nú þegar í þessari götu eru löngu komnar á tíma hvað varðar viðhald þar sem þær stoppa ekki bíla sem koma iðulega niður brekkuna í loftköstum og hér eru krakkar mikið á leik. Viljum ekki að slys verði sem við gætum komið í veg fyrir. Það er því mikilvægt fyrir bæinn að halda vel á lofti mikilvægi þess að hringtorgið við 10-11 og N1 sé ofarlega á lista Vegagerðarinnar.

Annað sem ég vil koma á framfæri er:

- Það er mikilvægt að passa vel upp á gönguleiðir á milli hverfanna, Áslands og Setbergs, svo að íbúar þessara hverfa nái að fara þar á milli án þess að vera í hættu af umferðinni. Einnig þarf að passa um á gönguleiðir haldist góðar inn af hverfunum í átt að Hvaleyravatni.
- Stoppistöðvar strætó þarf líka að passa upp þannig að íbúar hverfanna beggja geti auðveldlega komist í þær á nýjum vegi.

Að lokum. Ég skil vel þörfina á þessu verkefni og nýjum vegi en það er mjög mikilvægt að vanda til verks og skoða áhrifin á öll hverfi bæjarins. Setbergið er hverfi sem er mjög friðsælt og stutt fyrir okkur

Íbúa að komast út í náttúruna. Þetta er mikilvægt að verja og halda í eins og kostur er.

Með kveðju

Hrafnhildur Ýr Kristjánsdóttir

Íbúi við Fjóluhlíð 3, Setbergi.